



21. mars 2023

Umsóknir um styrki til þróunarsamvinnuverkefna íslenskra félagasamtaka

Hafa þín félagasamtök áhuga á að leggja sitt af mörkum til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna?

Styrkveitingar til félagasamtaka í þróunarsamvinnu

Útanríkisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka sem veittir eru á grundvelli reglna um styrkveitingar ráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020. Athygli er vakin á því að félagasamtök sem gert hafa rammisamning við ráðuneytið eru ekki styrkhæf.

Félagasamtök geta sótt um fjórar tegundir styrkja til þróunarsamvinnuverkefna:

- Nýliðaverkefni
- Stytti þróunarsamvinnuverkefni.
- Langtímaþróunarsamvinnuverkefni.
- Kynningar- og fræðsluverkefni

Allt að 77 milljónir eru til úthlutunar til nýrra verkefna, þar af 5 milljónir til kynningar- og fræðsluverkefna.

Um framlögin

Markmið með styrkveitingum til félagasamtaka á Íslandi er að hvetja til aukinnar þátttöku þeirra í þróunarsamvinnu og samstarfs um framgang heimsmarkmiðanna sem hafa það að markmiði að draga úr fátækt og styðja við sjálfbæran vöxt í efnaminni ríkjum. Sérstök áhersla er lögð á mannréttindi, jafnrétti kynjanna og loftlagsmál skv. stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu (2019-2023).

Veittir verða styrkir til þróunarsamvinnuverkefna, sem koma til framkvæmda í lágtekjulöndum og lágmillitekjulöndum, auk hámillitekju smáeyþróunarríkjum sbr. lista Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC) yfir viðtakendur alþjóðlegrar þróunaraðstoðar. Lista yfir gjaldgeng samstarfslönd er að finna á [síðu OECD DAC](#). Sérstök áhersla er lögð á verkefni og samstarf í tvíhliða áherslulöndum Íslands. Styrkir til kynningar- og fræðsluverkefna skulu koma til framkvæmda á Íslandi og hafa alþjóðlega þróunarsamvinnu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Við mat á umsóknum verður stuðst við viðeigandi úthlutunarreglur nr. 1035/2020, verklagsreglur um styrki til þróunarsamvinnuverkefna og tiltekin gæðaviðmið sem er að finna á www.utn.is/felagasamtok.

Styrkhæfir aðilar

Til að teljast styrkhæf þurfa samtök að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök, skv. rekstrarformi eða starfsgreinaflokkun, eða vera skráð sem félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019,
- Ekki vera rekin í hagnaðarskyni (e. non-profit),



- c. Hafa sett sér lög og starfandi stjórn,
- d. Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar séu minnst 30 talsins,
- e. Hafa lagt fram staðfestan ársreikning.

Umsækjendur þurfa uppfylla þær kröfur um meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu sem Ríkisendurskoðun gerir.

Styrkfjárhæðir

Allt að 77 m.kr. eru til úthlutunar til nýrra verkefna félagasamtaka að þessu sinni, þar af 5 m.kr. til kynningar- og fræðsluverkefna.

Heimilt er að veita styrk til sama verkefnis til allt að fjögurra ára, með fyrirvara um fjárheimildir fjárlaga hvers árs. Styrkupp hæð þróunarsamvinnuverkefna getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefnið og skal skulu samtökin leggja til mótframlag sem nemur a.m.k. 20% heildarfjárhæðar verkefnisins. Opið er fyrir umsóknir til almennra þróunarsamvinnuverkefna (styttri og langtímaverkefni), nýliðaverkefna og kynningar- og fræðsluverkefna. Nýliðastyrkir eru ætlaðir félagasamtökum sem **ekki hafa áður hlotið** styrk frá ráðuneytinu. Geta þeir hæst numið 4 m.kr. og eru veittir til eins árs. Styrkir til kynningar- og fræðsluverkefna eru veittir til afmarkaðra og tímabundinna verkefna, ekki lengur en til eins árs í senn.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur utanríkisráðuneytisins um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka og fyrirtækja í þróunarsamvinnu nr. 1035/2020 og þar til gerðar verklagsreglur vegna styrkja til þróunarsamvinnuverkefna og aðrar leiðbeiningar sem eru að finna á www.utn.is/felagasamtok.

Umsókn og öllum fylgiskjöllum skal senda til utanríkisráðuneytisins á netfangið felagasamtok.styrkir@utn.is. Nota skal umsóknareyðublöð sem finna má á vef ráðuneytisins. Í umsókn skal umsækjandi lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Úthlutun styrkja fer eftir þeim skilmálum sem fram koma í reglum ráðuneytisins og leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar. Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina. Um styrkveitingar til verkefna félagasamtaka í málaflokknum gilda lög um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra.

Matshópur, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Útanríkisráðherra úthlutar styrkjum að fengnu áliti þriggja manna matshóps.

Opið er fyrir umsóknir um styrki til þróunarsamvinnuverkefna í fimm vikur, **frá 21. mars til og með 28. apríl 2022**. Umsóknir skulu berast beint til ráðuneytisins á felagasamtok.styrkir@utn.is.

Leiðbeiningar og nánari upplýsingar varðandi umsóknir er að finna á www.utn.is/felagasamtok.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í lok maí 2023. Fyrirspurnir skal senda á netfangið felagasamtok.styrkir@utn.is.